

REGLUR

um innri aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem hafa þegar fengið heimild Fjármálaeftirlitsins til að beita innri aðferðum við útreikning á eiginfjárkröfum, á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eða reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

2. gr.

Innri aðferðir fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtæki sem fá heimild Fjármálaeftirlitsins til að reikna eiginfjárkröfur á grundvelli innri aðferða skulu taka tillit til reglugerðar (ESB) nr. 529/2014, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

Fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til að beita innramatsaðferð við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáættu er heimilt að taka tillit til reglugerðar (ESB) 2015/1556, sbr. 3. gr.

Fjármálaeftirlitið getur veitt fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til að beita innramatsaðferð heimild til að nota gögn sem ná yfir tvö ár fremur en fimm ár við mat á líkum á vanefndum, eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og eigið mat á breytistuðlum að uppfylltum skilyrðum reglugerðar (ESB) 2017/72, sbr. 3. gr.

Við mat Fjármálaeftirlitsins á því hvort fjármálafyrirtæki fái heimild til að nota þróðu mæli-aðferðina við útreikning á eiginfjárkröfum vegna rekstraráættu fer eftir reglugerð (ESB) 2018/959, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 529/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mat á mikilvægi viðbóta og breytinga á innramatsaðferðinni og þróðu mæliaðferðinni, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 304-317.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/942 frá 4. mars 2015 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 529/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mat á mikilvægi viðbóta og breytinga á innri aðferðum við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns vegna markaðsáættu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 330-336.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1556 frá 11. júní 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir bráðabirgðameðferð áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa samkvæmt innramatsaðferðinni, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 349-350.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/72 frá 23. september 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilyrði fyrir heimild til að undanskilja gögn, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29.

mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 351-354.

5. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/959 frá 14. mars 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lýsingu á aðferðafræði varðandi mat sem lögbær yfirvöld skulu nota til að heimila stofnunum að nota þróaðar mæliaðferðir fyrir rekstraráhættu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/959 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32018R0959>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 169, þann 6. júlí 2018, bls. 1-26.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í b- og d-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 962/2017 um tæknilega staðla vegna innri aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja.

Seðlabanka Íslands, 22. september 2021.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júnísdóttir
framkvæmdastjóri.